

Umsagnir um Menningarmót - Fljúgandi teppi

Kennari í Austurbæjarskóla:

Það var ákaflega gagnlegt og lærdómsríkt að fá tækifæri til þess að framkvæma menningarmótið með kennara sem kemur að utan og hefur lifandi áhuga, reynslu og þekkingu á þessu sviði en það hefur Kristín í ríku mæli. Nýbúabörnin voru mjög áhugasöm og foreldrarnir einnig, eftir kynningarfundinn sem haldinn var með þeim. Menningarmótið tókst framfar vonum og voru foreldrar ALLRA barnanna í bekknum mjög ánægðir með framtakið. Einnig hefur þessi vinna skilað sér í betri bekkjaranda. Æskilegt væri að kynna menningarmótið vel fyrir öllum foreldrum í almennri námsefniskynningu sem haldin er í upphafi hvers skólaárs og fara í þessa vinnu fljótlega í framhaldi af því.

Virðingarfyllst, María Vilborg Ragnarsdóttir

Skólastjóri í Háteigsskóla:

Umsögn um verkefnið sem kallað hefur verið “Fljúgandi teppi”.

Nú á vormisseri 2008 kynnti Kristín R Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri á Borgarbókasafni Reykjavíkur verkefnið “Fljúgandi teppi” fyrir stjórnendum og umsjónarmanni móttökudeildar Háteigsskóla. Í þessari umsögn verður skipulagi þessa verkefnis ekki lýst í smáatriðum.

Nemendur í öðrum 5. bekk skólans og nokkrir skólaliðar unnu saman að menningarmótinu í Háteigsskóla. Erlendu starfsmennirnir okkar eru í íslenskunámi í móttökudeild Háteigsskóla og fengu þeir það verkefni að kynna land sitt og nemendur í 5. bekknum kynntu persónulega menningu sína og sumir uppruna sinn. Hópunum var skipt í tvennt, þannig að annar hlutinn kynnti og hinum hlutanum var skipt upp í hópa sem fengu kynningu. Hóparnir færðust á milli kynningarborða á nokkurra mínútna fresti þannig að hver og einn fékk tækifæri til að eiga samræðu um það sem kynnt var.

Skólastjóri fylgdist með verkefninu. Þetta gekk einstaklega vel og var öllum til mikillar ánægju. Það kom á óvart hvað þetta einfalda verkefni gaf mikið af sér í mannlegum, innihaldsríkum samskiptum, innan bekkjarins og í kynningu erlendu starfsmannanna og nemendanna í 5. bekknum. Við endurtókum verkefnið og fengum erlenda starfsfólkið okkar til að vera með menningarmót á síðasta starfsmannafundinum og um leið fengum við nokkra starfsmenn aðra til að kynna með sama hætti. Það kom á óvart hvað starfsfólkið í skólanum hafði mikla ánægju af þessu og hvað kennarar skildu vel möguleika þessa einfalda og skemmtilega verkefnis. Margir töluðu um hvernig þeir gætu nýtt sér hugmyndina næsta vetur.

Ég mæli eindregið með að aðrir kynni sér þessa skemmtilegu nálgun og nýti hana í starfi sínu.

Virðingarfyllst,

Ásgeir Beinteinsson
Skólastjóri Háteigsskóla.

Menningarmót í Sólborg – töfrateppið.

Það er okkur sönn ánægja að mæla með verkefninu Menningarmót sem Borgarbókasafn Reykjavíkur býður uppá, frábært framtak. Umgjörðin er góð, byrjar á kynningu til lykilstarfsmanna sem síðan miðla efninu til samstarfsfólksins. Það gerir verkefnið mjög sameiginlegt og allir taka jafnan þátt í því. Það er einnig ánægjulegt að upplifa að Menningarmót er ekki eingöngu fyrir börn af erlendum uppruna, heldur ekki síst fyrir okkur öll því sumir höfðu þá hugmynd um svona mót væru bara fyrir útlendinga. Þetta styrkir okkur sjálf í því að kynna okkar eigin menningu og uppruna. Hver einstaklingur getur kynnt það sem hann vill úr sínu lífi.

Við nýttum vel töfrateppið með auganu sem kom bréfum til okkar og sendum við bréf til barna víðs vegar um heiminn. Það var gaman að sjá þau standa fyrir framan teppið og draga bréfin sín meðfram auganu svona eins og að senda fax. Í Sólborga voru það elstu árgangarnir tveir sem höfðu mikinn ávinning af verkefninu. Þau undirbjuggu sig vel fyrir mótið, útbjuggu sín eigin töfrateppi og settu hlutina sína á það til sýningar. Fjölbreytnin var mikil og ánægjulegt að sjá hve börnin voru virk og gerður það verkefnið að sínu eigin. Áhrifin af verkefninu gætir ennþá í leik þeirra og þau raula sönginn „Hæ góðan dag...“ Yngstu börnin höfðu einnig mjög gaman af verkefninu því að fara undir teppið í dansinum og að skoða sig um í salnum þar sem Menningarmótið fór fram.

Foreldrar voru áhugasamir og margir komu á mótið. Eitt dans og söngatriði kom úr röðum foreldra af erlendum uppruna.

Bestu kveðjur

Jónína Konráðsdóttir, leikskólastjóri og
Ragnheiður Þóra Kolbeins, aðstoðarleikskólastjóri

Fellaborg

Fljúgandi teppi - upplifun okkar af verkefninu.

Í leikskólanum Fellaborg var unnið með verkefnið fljúgandi teppi vikuna 8 – 12 júní í samvinnu við Kristínu verkefnastjóra frá Borgarbókasafni Reykjavíkur. Okkar upplifun að verkefninu var mjög jákvæð. Bæði börn og starfsfólk voru áhugasöm um verkefnið og eftir því sem leið á vikuna óx verkefnið jafnt og þétt.

Vikan byrjaði á því að Kristín kom til okkar með töfra kistu þar sem hún dró ýmsa spennandi muni upp og sýndi börnum. Í kistunni var einnig mjög dýrmætur hlutur sem var fljúgandi teppið og með teppinu komu þrjú bréf frá börnum úr öðrum löndum. Fljúgandi teppið og bréfin voru kveikjan að fleiri bréfum og ýmsum munum og góðgæti sem komu með teppinu hvaðan af úr heiminum. Okkar upplifun af verkefninu var að börnin voru spennit fyrir verkefninu og þau dattu inn í ævintýri í kringum fljúgandi teppið og voru glöð að fá bréf frá börnum sem sum voru frá sama landi og börnin á leikskólanum eru frá. Börnin voru áhugasöm og full af sjálfstrausti, þeim fannst gaman að sýna sína menningu og fannst gaman að fá tækifæri til að segja frá þeim hlutum sem þeim þykir vænt um.

Gaman var að því hversu ólíka hluti börnin komu með sum komu með dótið sítt til að sýna aðrir hluti frá heima landi sínu enn aðrir með verlauna gripi fyrir íþrótt sem þau stunda og sýndu hluti sem fylgja íþróttinni. Eitt barnið kom með úrklippubók og hluti úr náttúrunni og annað með föt frá víkingatímabilinu. Það sem okkur fannst skemmtilegast var hvað allir fengu að njóta sín og segja frá því sem þau hafa áhuga á og hvað allir hlutir eru merkilegir í augun barnanna.

Verkefnið endaði á menningamóti á föstudeginum sem tókst mjög vel. Börnin höfðu unnið verkefni í sambandi við bréfin og gert myndir, farið á netið, þurrkuð blóm, týndir steinar og margt fleira skemmtilegt. Þá voru líka margir sem komu með muni frá sinni menningu það voru bæði hlutir, matur, tónlist of margt fleira. Börn, foreldrar og starfsfólk voru ánægð og skemmtu sér vel saman þennan dag. Það var ekki síður mikilvægt fyrir starfsfólk að vinna að þessu verkefni, einn íslenskur starfsmaður kom með upplut til að sýna, annar með hluti sem tengjast áhugamáli sínu sem er hestamennska, einn pólskur starfsmaður kom með allskonar pólskt góðgæti ásamt pólskum peningum og hlutum, einn japanskur starfsmaður kom með „yukata“ sem er japanskur sumarþúningur og sushi áhöld og starfsmaður frá albaníu kom með bækur og fleira frá sínu heimalandi.

Það sem var jákvætt var að allir fengu að njóta sín og kynna það sem þeim þykir vænt um hvort sem börnin voru af erlendu bergi brotnu eða íslensk. Gaman var að fá að sjá inn í heim barnanna og hvað er þeim mikilvægt.

Verkefnið kom inn á foreldrasamstarf sem er mjög mikilvægt í menningu leikskólans. Upplifun okkar var sú að allir fengu að njóta sín þessa viku og segja frá áhugasviði síni. Einnig fannst okkur gaman að blanda verkefnum barnanna saman við þá muni sem þau komu með að heiman á sýninguna það gaf sýningunni meir persónulegan blæ.

Starfsfólk Fellaborgar